



7. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 10. desember 1999

Dagskrá:

1. Kjarasamningar. Endanlegar kröfugerðir.
2. Beiðni Austfirðinga um að miðstjórn dragi til baka ályktun sína frá 3. sept. síðastliðnum um Eyjabakka.
3. Skipulagsmál ASÍ
4. Húsamálin, leiga til Íslandspósts.
5. Verkefni orlofsnefndar,
6. Athugun stjórnar lífeyrissjóðsins á breyttri skiptingu 10% gjalds sjóðsins.
7. Félagsgjöld RSÍ
8. 30. ára afmæli RSÍ
9. Sambandsstjórnarfundur RSÍ árið 2000
10. Önnur mál

Fundur settur kl. 14:00

1. Kjarasamningar, endanlegar kröfugerðir.

Kröfugerðir vegna almenna sammingsins, vegna samninga við Ríkið og vegna samninga við Reykjavíkurborg lagðar fram til kynningar.

2. Beiðni Austfirðinga um að miðstjórn dragi til baka ályktun sína frá 3. sept. síðastliðnum um Eyjabakka.

Lagt var fram bréf frá austfirskum rafiðnaðarmönnum þar sem krafist er að miðstjórn dragi ályktun sína um virkjun á Austfjörðum til baka,

Lagt fram drög að svari til þeirra þar sem fram kom að þeir leggðu annan skilning í ákveðin atriði ályktunarinnar er miðstjórn, samþykkt lítillega breytt

3. Skipulagsmál ASÍ.

Fulltrúar RSÍ mættu á sambandsstjórnarfund ASÍ, þar var lögð fram ályktun um breytt skipulag ASÍ, og var hún samþykkt. Málín eru komin í þann farveg sem RSÍ fór fram á, því ákveðið að hefja aftur störf innan ASÍ.

4. Húsamálin, leiga til Íslandspósts.

Stórhöfði 31 verður uppsteyptur og lokaður nú fyrir áramót. Efri tvær hæðirnar verða afhentar 1. apríl en fyrsta hæðin 1. maí. Húsið númer 29 verður afhent í september.

Gengið hefur verið frá leigu á húsinu ásamt millibyggingu til Íslandspósts.

Þeir fá húsið með frágengnum loftum og gólfefnum.

5. Verkefni orlofsnefndar.

Apavatnshúsin eru í lagfæringu, eitt er búið og byrjað er á öðru, hin tvö verða tekin í gegn á næsta ári.

Sagt var frá því að ákveðið hefur verið að setja upp potta við Ölfusborgarhúsin, kostnaðaráætlanir eru frá um 1.200.000 til 3.000.000 eftir því hvort sólskálar eru byggðir eða ekki.

Sagt var frá tjóni á Ljósheimaíbúðinni en þar sprakk heitavatsrör. Orlofsnefnd fór yfir punktastöfnun eldri félaga í orlofskerfinu.

Nokkrar umræður urðu um orlofshúsin og búnað þeirra og var síðan samþykkt að efna til ferðar í orlofsbyggðina við Apavatn til þess að miðstjórnarmenn geti þ metið málin af meira raunsæi en áður.

6. Athugun stjórnar lífeyrissjóðsins á breyttri skiptingu 10% gjalds sjóðsins.

Fram hefur komið sú hugmynd frá nokkrum félagsmanna að setja allt að 20% af gjaldstofni til lífeyrissjóðs í séreignasjóð. Eftir athugun tryggingastærðfræðings á sjóðnum, komst stjórnin að þeirri niðurstöðu að ekki væri tímabært að breyta skiptingu á 10% gjaldinu því þá yrði að skerða ýmsar aðrar bætur, en taldi eðlilegt að skoðunarferlinu yrði haldið gangandi.

7. Félagsgjöld RSÍ.

Tillaga um að gjaldstofn félagsgjalda sami og fyrir aðra sjóði þ.e. af heildarlaunum.

8. 30. ára afmæli RSÍ.

RSÍ verður 30 ára á næsta ári, ákveðið var að vígsluhátíð á Stórhöfða og afmælið verði haldið saman.

9. Sambandsstjórnarfundur RSÍ árið 2000.

Sambandsstjórnarfundur á að vera á tímabilinu 1. til 15. maí, ákveða þarf tímann.

10. Önnur mál.

Lagt var fram bréf frá Örlygi Jónatanssyni þar sem sagt er frá handbók fyrir rafeindavirkja sem hann er að gefa út.

Samþykkt var að styrkja útgáfuna.

Lagt var fram fax frá rafvirkjafélaginu í Zimbabwe þar sem þeir segjast ekki geta komið til Íslands af fjárhagslegum ástæðum og fóru fram á að RSÍ kostaði för þeirra. Samþ. að beina málinu til IBTF þetta væri í þeirra verkahring.

Lagt var fram verð á búnaði fyrir afmælisgjöf til Fjölbautaskólans á Sauðárkróki. Ákveðið var að taka iðntölvu og hraðabreyti.

Frumvarp til laga um fjarskipti lagt fram og ákveðið að fagnefndir rafeindavirkja og símsmiða fjalli um málið og sendi umsögn.

Fundi slitið kl 17:40 Haukur Ágústsson.